

121. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Ingvar Halldórsson, Már Karlsson og Guðmundur B. Friðriksson

Í síma: Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 22. febrúar 2011 kl. 12:20

Þetta gerðist

1. Félagaskrá Fenúr

MK lagði fram uppfært félagatal. Farið var yfir félagatalið. Rætt um að senda skýringarbréf varðandi breytta gjaldskrá með innheimtu félagsgjalda auk töflu yfir félagsgjöld háð stærð fyrirtækja/stofnanna sem samþykkt var á aukaaðalfundi sl. haust. Félagsgjöld hækka um u.þ.b. 1 m.kr. Mikilvægt er að senda út innheimtu félagsgjalda fyrir aðalfund vilji félagsmenn ræða breytingarnar. MK sendir GTO félagaskrána þ.a. hann geti yfirfarið hana. GTO sendir uppfærða félagaskrá til MK sem kemur henni til RHH og Höllu hjá Sorpu. Rætt um að senda orkufyrirtækjum og stóriðju kynningarbréf.

2. Fenúr merkin

Rætt um prentun merkja í A6 stærð fyrir helstu úrgangsflokka til nota innandyra. Prenta má merkin á ódýrara efni, þarf ekki sama veðrunarþol og utandyra.

3. Aðalfundur 2011

GBF var ekki búinn að kanna með sal. Salurinn þarf að rúma um 30-40 manns á aðalfundi fyrir hádegi, hádegismat fyrir sama fjölda og svo um 70 manns á ráðstefnu eftir hádegi. Rætt um hugsanlegt dagskráefni ráðstefnunnar: Sorpbrennslur og díoxín, afmæli Sorpu (sagan), Hrefna segi frá heimsókn til EU, Græn framtíð segi frá starfsemi sinni, breytingar á sorphirðu á Akureyri og í Reykjavík, sorpflokkun við HÍ og erindi frá Umhverfisstofnun og/eða umhverfisráðuneytinu um hvers er að vænta í úrgangsmálum hérlendis. Rætt um að heimsækja Odda eða Kassagerðina að ráðstefnu lokinni. Hringrás ætlar að hefja endurvinnslu á raftækjum innanlands og gæti verið áhugavert að skoða þá starfsemi. Rætt um að haustfundur Fenúr verði fyrir norðan um miðjan október og að það verði kynnt á aðalfundinum. Á haustfundinum verði heimsóttur urðunarstaðurinn á Blönduósi, skoðaðar breytingar á Akureyri.

4. Heimasíðumál

Farið var yfir tilboð og verð fyrir ákveðna verkþætti í drögum að samningi við Allra 8. Flutningur á efni af núverandi heimasíðu á nýja kostar um 200 þús. kr. Formanni falið að klára málið. Nýr vefur verði kynntur á aðalfundnum 2011.

Næsti fundur verður föstudaginn 11. mars.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson